

344. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 2. nóvember 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Júniana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:

- 1) **Bréf frá Sóknarsamlagi Ingjaldshóls- og Ólafsvíkurkirkju, dags. 6. október 2023, varðandi líkhúsið í Ólafsvík.**
Bæjarráð tekur undir tillögu sóknarsamlagsins um að gera tilraun til þriggja ára þar sem sóknarsamlagið skuldbindur sig til að útvega aðila til að sinna þeirri starfsemi sem fram fer í líkhúsinu og tilheyrir því, en á móti mun Snæfellsbær láta fara fram það lágmarksviðhald sem þarf til að húsið haldi vatni og vindum. Að þessum þremur árum liðnum munu bæjarstjórn og sóknarsamlagið ákveða framhaldið.
- 2) **Bréf frá Aflinu, samtökum fyrir þolendur ofbeldis, ódags., varðandi ósk um styrk.**
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Bréf frá Land lögmönnum, dags. 6. október 2023, varðandi Snæfellsás 2 á Hellissandi.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að vinna að málinu.
- 4) **Umsókn, dags. 30. október 2023, frá Guðrún H Elíasdóttur um að fá að halda hundinn Pílu.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 5) **Umsóknir, dags. 6. október 2023, frá Berglindi Elvu Tryggvadóttur, um að fá að halda hundana Elvis og Yanko.**
Umsóknirnar samþykktar samhljóða.
- 6) **Kaupsamningur um kaup Snæfellsbæjar á fasteigninni Ennisbraut 38 í Ólafsvík.**
Bæjarstjóri fór yfir málið.
Bæjarráð samþykkti samhljóða framlagðan kaupsamning um Ennisbraut 38, fasteignina og allt sem henni fylgir.
- 7) **Bréf frá Vegagerðinni, dags. 5. október 2023, varðandi fyrirhugaða niðurfellingu Axlarveggar af vegaskrá.**
Lagt fram til kynningar, en samþykkt að senda erindið áfram til landeiganda.
- 8) **Bréf frá bæjarritara vegna hugsanlegs listaverks við Tröðina á Hellissandi.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fá nánari upplýsingar um verð og fyrirkomulag. Einnig þarf nánari lýsingu á verkinu, efninu og undirstöðum fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd.
- 9) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 22. ágúst 2023, varðandi afskriftir.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita heimild til að afskrifa framlagðar afskriftarbeiðni nr. 202308091458067
Nánar í trúnaðarmálabók.
- 10) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 6. október 2023, varðandi afskriftir.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita heimild til að afskrifa framlagðar afskriftarbeiðni nr. 202309251205084 og 202308161433104
Nánar í trúnaðarmálabók.
- 11) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
 - a) Bæjarstjóri ræddi starfsmannamál.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including "FS" and "AU".

- b) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslutölur janúar – október.
- c) Bæjarstjóri fór yfir fjármál ársins.
- d) Bæjarstjóri fór yfir sorpmálin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:51


Jónína Björg Óttarsdóttir


Auður Kjartansdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Fríða Sveinsdóttir


Lífja Ólafardóttir, bæjarritari